

Niðurstaða aðalfundar Regins hf

Aðalfundur Regins hf. var haldinn 22. apríl 2013 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, fundasalnum Rímu, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundastjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Elín Jónsdóttir setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni hrl. sem fundastjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins og skýrði svo frá að löglega væri til fundarins boðað. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn því lögmætan. Helgi Jóhannesson lagði til að Katrín Sverrisdóttir, sviðsstjóri rekstrasviðs Regins yrði kjörin fundaritari. Tillagan var samþykkt. Fundastjóri greindi frá því að til fundarins hefði verði boðað skv. 16. gr. samþykka félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, heimasíðu Kauphallar og félagsins þann 28. mars 2013.

Mætt var á hluthafafundinn fyrir 55,87% hlutafjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Elín Jónsdóttir, flutti skýrslu stjórnar. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikninga félagsins vegna ársins 2012.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar samhljóða en þær voru eftirfarandi:

1. Ársreikningur:

Ársreikningur félagsins vegna ársins 2012 var samþykktur.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2012:

Fundurinn samþykkti að félagið að greiða ekki arð á árinu 2013 vegna rekstrarárs 2012.

3. Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu:

Fundurinn samþykkti fram lagða starfskjarastefnu fyrir félagið.

4. Eftirfarandi breytingar á samþykktum félagsins voru samþykktar á fundinum:

a) Núverandi 14. grein fellur niður og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Til aðalfundar skal boða með auglýsingu sem birt er í dagblöðum eða á annan jafn sannanlegan hátt með skemmst þriggja vikna fyrirvara. Um efni fundarboðs skal fara skv. ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

b) Núverandi 18.gr fellur niður og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, birtar á heimasíðu þess og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Mál sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það þó ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til þess að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða samþykktum.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

c) Núverandi 22.gr fellur niður og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi þeirra fer að lögum.

Við stjórnarkjör skal tryggja að kynjahlutfall stjórnar sé sem jafnast og að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða má samþykkja nauðsynlega breytingu með nýrri ákvörðun hluthafafundar.

d) Núverandi 23.gr fellur niður og í stað hennar kemur eftirfarandi:

Stjórnarkjör fer fram sem meirihlutakosning milli einstaklinga.

Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal um.

Ef hluthafar félagsins eru 200 eða fleiri og hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjárins krefjast þess, skal beita hlutfalls- eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna. Séu hluthafar færri en 200 þurfa hluthafar sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárins að standa að kröfunni. Komi fram krafa frá fleiri en einum hluthafahópi og krafist er bæði hlutfalls- og margfeldiskosninga skal þá beitt margfeldiskosningu. Krafa um þetta skal hafa borist stjórn félagsins minnst fimm dögum fyrir hluthafafund.

Tilkynna skal skriflega skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjäreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.

6. Kosning félagsstjórnar:

Fundurinn kaus eftirfarandi einstaklinga í aðalstjórn til næsta aðalfundar:

Benedikt K. Kristjánsson, sölu og þjónustufulltrúi	kt. 190952-4879
Elín Jónsdóttir, lögfræðingur	kt. 130866-6039
Guðríður Friðriksdóttir, verkfræðingur	kt. 310160-7849
Guðrún Blöndal, viðskiptafræðingur	kt. 270360-3869
Stanley Pálsson, verkfræðingur	kt. 190952-4879

Eftirtaldir voru kosnir í varastjórn:

Hjördís D. Vilhjálmisdóttir, hagfræðingur	kt. 100369-5839
Jón Steindór Valdimarsson, lögfræðingur	kt. 270658-6609

7. Kosning endurskoðanda:

KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, var endurkjörið endurskoðunarfyrirtæki félagsins.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Eftirfarandi þóknun var samþykkt til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefndar stjórnar:

Stjórnarformaður: 400.000 kr á mánuði

Meðstjórnendur: 200.000 kr á mánuði

Varamenn: 100.000 kr fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 100.000kr fyrir hvern mánuð.